**Borgarstjórn Reykjavíkur**
**1. september 2015**

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið gagnsæi við ráðstöfun almannafjár:

Í því skyni að auka gagnsæi og eftirlit við ráðstöfun almannafjár beinir borgarstjórn því til borgarritara að bæta eftirfarandi texta við lið 1.4. í reglum um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar: „Ákvarðanir um ferðir starfsmanna og ráðgjafa á vegum borgarráðs eða borgarstjórnar skulu kynntar í borgarráði en aðrar ferðir starfsmanna og ráðgjafa skulu kynntar á fundi þeirrar nefndar eða ráðs, sem viðkomandi svið heyrir undir.”